

Alþingi
Erindi nr. P 126/1075
komudagur 24.1.2001

LANDVERND

Ránargata 18
101 Reykjavík
Sími: 552 5242
Fax: 562 5242
Netfang: landvernd@landvernd.is
Veffang: www.landvernd.is

Menntamálanefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Þórshamri v/ Templarasund,
150 Reykjavík

19. janúar 2000

Vísað er í framlag frumvarp til safnalaga, 126. löggjafarþing 2000-2001, þskj. 238 – 224. mál.

Landvernd fagnar því að fyrirhugð sé að seta heilstæð lög um höfuðsöfn Íslands á sviði lista, fornleifa og náttúru.

Landvernd vill vekja athygli á hinu tvíþætta hlutverki náttúrufræðisafna. Annars vegar gegna þau mikilvægu hlutverki í fræða almenning, nemendur og ferðamenn um gangverk náttúrunnar. Hins vegar eru þau mikilvægur stuðningur við rannsóknir á náttúrufari.

Náttúrufræðistofnun Íslands er höfuðstofnun á sviði náttúrufarsrannsókna hér á landi. Starfsemi Náttúrufræðistofnunar og Náttúrugripasafns Íslands hefur verið nátengd og í því felst eflaust mikil hagræðing fyrir báða aðila. Í framlögðu frumvarpi virðist sem þessi tengsl séu rofin. Þetta telur Landvernd ekki skynsamlegt. Núverandi fyrirkomulag þar sem starfsemi Náttúrufræðisstofnunar og Safnsins er samofin, er skynsamlegt að viðhalda. Það ætti að vera hægt þó sett verði heildarlöggjöf um söfn. Jafnframt er mikilvægt að rjúfa ekki tengslin á milli náttúrufarsrannsókna og stjórnsýslu á þessu sviði. Það styrkir stjórnsýslu á sviði umhverfis- og náttúruverndar að hafa forræði yfir öflugum rannsóknarstofnunum á viðkomandi sviði.

Landvernd vill benda á að í 1. gr. í framlögðu frumvarpi segðir að lögin kveði á um skipulag lista- og minjasafna. Náttúrufræðisöfn byggjast ekki eingöngu á kynningu á náttúruminum. Náttúrufræðisöfn halda til haga náttúruminum og almennri þekkingu um náttúrufar og flétta þetta tvennt saman í sýningum og fræðslustarfi. Sú skilgreining sem kemur fram í 1. gr. virðist því ekki nægjanlega víðtæk.

Í 2.gr. er kveðið á um skipan safnaráðs. Landvernd telur mikilvægt að í þessari grein sé tilgreint að safnaráði skipi a.m.k. einn aðili með sérþekkingu á sviði náttúrufræði.

Virðingarfyllst,



Tryggvi Felixson
framkvæmdastjóri Landverndar